

Ágætu foreldrar/forráðamenn

Senn líður að lokum skólaársins þegar hefðbundinni kennslu er ýtt til hliðar með ýmis konar uppbroti, leikjum og útiveru. Skipulagið þessa daga verður með eftirfarandi hætti:

Mánudagur 3. júní

1. bekkur fer í sund og útiveru.
2. bekkur fer í sund gönguferð.
3. bekkur fer í sund og gönguferð.
4. bekkur fer í golfkennslu í boði Golfklúbbs Selfoss á Svarfhólsvelli.

Nauðsynlegt er að klæða sig eftir veðri og muna eftir sundfötum!

Þriðjudagur 4. júní

Vorhátíðardagur – Nemendur í 1. – 4. bekk mæta kl. 8:10 í skólann og byrja daginn með umsjónarkennurum sínum. Klukkan 10:25 hefst vorhátíð Vallaskóla sem haldin verður á frjálsíþróttasvæði við Tíbrá. Þeir sem vilja mega koma í eða með furðuföt, andlitsmálning verður á staðnum. Að lokinni hátíðinni eða um kl. 12:15 verður öllum boðið til grillveislu í samvinnu við foreldrafélagið Hugvaka í portinu við aðalinnganginn í Vallaskóla þar sem boðið verður upp á pylsur, meðlæti og fernudrykki. **Foreldrar eru velkomnir í grillveisluna.**

Miðvikudagur 5. júní

Starfsdagur kennara vegna einkunnaskila, frídagur nemenda !

Opið frá kl. 7:45 – 17:00 á Skólavistun Vallaskóla fyrir þá sem þurfa.

Fimmtudagur 6. júní

Skólaslit og einkunnaafhending

Skólaslit kl. 9:00 fyrir nemendur í 1. – 4. bekk. Dagskrá í íþróttasalnum, ávarp skólastjóra og tónlistaratriði. Nemendur 1. – 4. bekkja mæta fyrst í salinn og fylgja svo umsjónarkennara sínum í heimastofur þar sem þeir taka á móti vitnisburði og kveðja kennara.

Foreldrar velkomnir.

Takk fyrir veturinn og eigið ánægjulegt sumar ☺

Stjórnendur